

13. febrúar 2020

Til framkvæmdastjóra allra sveitarfélaga

Athygli sveitarfélaga er vakin á drögum að frumvarpi sem forsætisráðuneytið hefur birt til umsagnar í samráðsgátt. Markmið frumvarpsins er að skapa stjórnvöldum betri yfirsýn og möguleika til að stýra þróun eignarráða og nýtingar fasteigna, þ.m.t. jarða, í samræmi við landkosti og með hagsmunum samfélagsins og komandi kynslóða að leiðarljósi. Í þessu skyni eru lagðar til breytingar á eftirtöldum fjórum lagabálkum: Lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna nr. 19/1966, þinglýsingalögum nr. 39/1978, lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 og jarðalögum nr. 81/2004.

Efni frumvarpsins er í meginatriðum eftirfarandi:

1. Undanþáguheimildir vegna skilyrða fyrir fasteignakaupum aðila sem búsettir eru í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins eru skýrðar nánar, en ákvæði nógildandi laga um það efni eru almenn og óljós.
2. Tryggt verði að kaupverð fasteignar komi fram í þinglýstu afsali, en kaupverð er meðal annars forsenda ákvörðunar fasteignamats.
3. Landeignaskrá á vegum Þjóðskrár Íslands verði vettvangur fyrir samræmda opinbera skráningu á landupplýsingum.
4. Sjónarmiðum um náttúruvernd, byggðapróun og sjálfbærni verði gert hærra undir höfði í markmiðsákvæði jarðalaga. Sett verði inn skilyrði um samþykki fyrir aðilaskiptum að landi í skilgreindum tilfellum. Á það meðal annars við ef kaupandi lögbýlis á fyrir fleiri lögbýli sem eru samanlagt 50 hektarar eða meira að stærð, ef fasteign er 350 hektarar eða stærr og ef kaupandi og tengdir aðilar eiga fasteignir sem eru samanlagt 10.000 hektarar eða meira að stærð. Í sömu tilfellum þarf einnig að afla samþykkis fyrir breytingu á yferráðum yfir lögaðila sem er eigandi lands, svo sem ef eignarhlutur í fyrirtæki skiptir um hendur að hluta eða í heild. Þá er gert ráð fyrir aukinni upplýsingaskyldu tiltekinna lögaðila um eignarhald þeirra. Loks eru sett skýrari skilyrði fyrir afskráningu lögbýla og lausn lands úr landbúnaðarnotum.

Sambandið mun veita umsögn um frumvarpið en hvetur jafnframt sveitarstjórnir til að móta afstöðu til málsins. Umsagnarfrestur er skammur, til 23. febrúar n.k., en umfjöllun t.d. í skipulagsnefndum sveitarfélaga mun án efa gagnast þegar málið verður til umfjöllunar á Alþingi síðar í vetur.

Undirritaður þiggur gjarnan viðbrögð frá sveitarfélögum um hvernig sveitarstjórnunum hugnast þær aðgerðir sem lagðar eru til í frumvarpinu.

F.h. sambandsins

Guðjón Bragason